

Fundargerð 283. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Stjórnarfundur FF þriðjudaginn 16.12 kl. 11:00

Í fjarfundi: Jarprúður Ásmundsdóttir formaður, Freyr Antonsson, Bjarnheiður Hallsdóttir og Dagný Arnarsdóttir.

Frá FMS: Arnar Már Ólafsson, Helena Karlsdóttir, Snorri Valsson og Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir.

Dagskrá:

1. Þann 5. desember sl. var skipuð ný stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða en hún er skipuð til tveggja ára í senn.
 - a) Í henni eiga sæti:
 - i. Jarprúður Ásmundsdóttir, formaður tilnefnd af ráðherra,
 - ii. Pétur Óskarsson, aðalmaður, og Bjarnheiður Hallsdóttir, varamaður, tilnefnd af Samtökum ferðaþjónustunnar.
 - iii. Freyr Antonsson aðalmaður, og Kristín Gylfadóttir, varamaður, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
 - iv. Dagný Arnarsdóttir, aðalmaður, og Steinar Kaldal, varamaður, tilnefnd af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.
 - b) Ný stjórn kynnti sig.
 - c) Fyrri stjórn þakkað samstarfið undanfarin ár.
2. Kynning á sjóðnum
 - a) Guðrún Dóra og Snorri fóru yfir helstu áherslur og markmið sjóðsins.
 - b) Helena Karlsdóttir greindi stuttlega frá þeirri vinnu sem er í gangi varðandi endurskoðun á sjóðnum.
3. Fundartímar í vetur. Ákveðið var að funda á miðvikudögum í vetur.
4. Umsóknarferli 2025-2026 – FF21. Koma þarf nýjum stjórnarmönnum inn í málin og það verður kynnt og farið yfir með þeim fyrir næsta fund.

Fundi slitið kl. 12:20

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir

Rafræn undirritun stjórnarmanna